

MENNING

Askja - náttúrufræðahús HÍ | Fulltrúa-fundur skógræktarfélaganna verður kl. 10-12 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, sal N-132. Inngangur gegnt Norræna húsinu. Opin ráðstefna, Skógar í þágu lýðheilsu, hefst í framhaldinu kl. 13 á sama stað.

Bókasafn Kópavogs | Félagar úr Ásatrúarfélaginu verða með erindi um ásatrú í Bókasafni Kópavogs, einnig fyrirspurnir og umræður. Fer fram 15. mars kl. 17.15–18.15. Þetta er hluti erindaraðar um trúarbrögð. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

Félag bókagerðarmanna | Aðalfundur AFS verður haldin að Hverfisgötu 21 kl. 13. „Forskot til framtíðar“ er heiti málþingsins sem hefst kl. 14.30. Gestur fundarins verður m.a. Tachi Cazal, forseti alþjóðasamtaka AFS.

Kvenfélag Breiðhólts | Kvenfélagið heldur félagsfund 14. mars kl. 20 í safnaðarheimili Breiðhóltskirkju (gengið inn um suðurdyr). Umræðuefni: Samskipti ólíkra menningarheima. Kaffiveitingar.

Maður lífandi | Þorvaldur Þorsteinsson heldur fyrirlestur fyrir alla sem halda að þeir séu eitthvað. Hann fjallar um þá hugmyndakreppu sem einkennir menntun okkar og veltir fyrir sér hvort við séum ef til vill að misskilja hlutverk okkar í lífinu. Fyrirlesturinn fer fram 14. mars kl. 18-19.

Oddi - félagsvísindahús HÍ | Dr. Michael Rubin, fræðimaður við American Enterprise Institute og ritstjóri Middle East Quarterly, ræðir stefnu Bandaríkjastjórnar í Mið-Austurlöndum á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands á opnum fyrirlestri 13. mars kl. 12.15 í stofu 101 Odda í HÍ.

ReykjavíkurAkademían | Hallfríður Þórarinsdóttir heldur fyrirlestur kl. 12-14: Er rými í þjóðarsálinni fyrir fólk sem talar íslensku með hreim? Í hverju felst íslenskt þjóðerni? Geta innflytjendur orðið alvöru Íslendingar? Er íslenskukennslu fyrir innflytjendur nægjanlega sinnt?

Salur FÍ | Ferðafélag Íslands og umhverfis- og náttúruverndarsamtök landsins halda ráðstefnu til að heiðurs Hjörleifi Guttormssyni sem nýlega varð sjötugur. Þar verður fjallað um óbyggðir Íslands, alþjóðlegt samstarf og náttúruvernd á Norðurskautinu. Ráðstefnan verður 25. mars kl. 13-17. **Styrkur** | Fundur í Skógarhlíð 8 þann 14. mars kl. 20. Dagskrá: Reykingar og lungna-krabbamein. Sigríður Ólína Haraldsdóttir lungnalæknir ræðir um reykingar og Halla Skúladóttir krabbameinslæknir ræðir um lungnkrabbamein. Kaffi.

Fréttir og tilkynningar

Ferðafélagið Útivist | Jeppaferð á Eyja-fjallajökul - Mýrdalsjökul verður 11.-12. mars, brottför frá Hvolsvelli kl. 10. Þátttaka er háð samþykki fararstjóra. VHF-talstöð er skilyrði í allar vetrarferðir. Félagsmenn geta fengið Útivistarrásina. Einnig er hægt að leigja talstöðvar á skrifstofunni. **GA-fundir** | Er spilafíkn að hrjá þig eða þína aðstandendur? Hægt er að hringja í GA-samtökin (Gamblers Anonymous) í síma 698 3888.

Samtök sykursjúkra | Samtök sykursjúkra halda fræðslufund fyrir sykursjúka og aðstandendur þeirra kl. 14 í fundarsal Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), Laugarási 17, Egilsstöðum. Gengið inn hjá sjúkrapjálfun. Allir velkomnir.

Frístundir og námskeið

Mímir - símenntun ehf. | Námskeið um Kenýa í samvinnu Mímis og Úrvals-Útsýnar verður haldið 15. og 22. mars kl. 20-22. Á námskeiðinu verður fjallað um menningu, sögu og dýralíf Kenýa. Umsjón með námskeiðinu hafa Elín Þorgeirsdóttir og Borgar Þorsteinsson. Skráning í s. 580 1800 eða á www.mimir.is.

Meira á mbl.is

Staður og stund á mbl.is.

Nánari upplýsingar um viðburði dagsins er að finna á Staður og stund undir Fólkið á mbl.is

Staðurogstund

http://www.mbl.is/sos

Félagsstarf

Bergmál líknar- og vinafélag | Bergmál verður með opið hús í Blindraheimilinu Hamrahlíð 17, 2. hæð, 12. mars kl. 16. Gestir koma í heimsókn, m.a. sr. Sigfús B. Ingvason og Barðukha. Sigmundur Júlíusson leikur undir fjöldasöng. Matur að hætti Bergmáls, veislustjóri verður Kolbrún Karlsdóttir. Tilkynna þarf þátttöku hjá eftirtöldum: Karl Vignir s. 552 1567, 864 4070 og Hólmfríður 862 8487.

Félag eldri borgara, Reykjavík | Snúður og Snælda sýnir leikritið „Glæpi og góðverk“ í lðnó 12. mars kl. 14. Miðapantanir í lðnó s. 572 9700. Einnig eru seldir miðar við innganginn. Með þessari leiksýningu hefst afmælisvika Félags eldri borgara í Reykjavík. Dansleikur sunnudagskvöld kl. 20, Klassísk leikur fyrir dansi. **Félagsheimilið Gjábakki** | Krummakaffi kl. 9 og Hana-nú ganga kl. 10. **Félagsstarf aldraðra, Garðabæ** | Gönguþópur byrjar í dag, lagt af stað frá Kirkjuhovskjallaranum kl. 10. **Félagsstarf Gerðubergs** | Opnar list-sýningar Judithar Júlíusd. og Sigrúnar Björgvins, listakonunnar kl. 13-16. Strætó S4, 12 og 17 stansa við Gerðuberg.

SAÁ félagsstarf | Félagsvist og dans verður í Ásgarði Stangarhyl 4. Spila-

Fuglar í tré

MYNDLIST

Gallerí Fold

Tréristur, Sveinbjörg Hallgrímsdóttir

Til 12. mars. Opið á verslunartíma.

SVEINBJÖRG Hallgrímsdóttir sýnir nú nokkurn fjölda stórra trérista í baksalum hjá Gallerí Fold, sömuleiðis má sjá tréristur af sama toga í Gallerí Svartfugli sem hún starfrækir á Akureyri. Myndefni sitt sækir hún að nokkru leyti til náttúrunnar, fuglar og tré eru þar fyrirferðarmest og litirnir vetrarlegir, gráir og bláir með nokkrum undantekningum. Nafngiftirnar segja til um stemningu þessara verka, Vetrarsinfónía, Vængjuð nótt, Vetrartár. Heildaryfirbragð þeirra er þokkafullt og mýktin ráðandi í línun og lit-um. Sveinbjörg sækir til náttúrunnar en þó er ekki raunsæi ríkjandi í línun, formum eða litum heldur er líkast því að táknmyndir fugla, trjáa, snjókorna og gróðurs séu notuð til að skapa náttúrustemningar. Inn á milli lífna þó línurnar og teikningin nær að gæða myndirnar lífi sem snertir áhorfandann dýpra en ella. Sveinbjörg hefur ágæt tók á fingerðari þáttum mynda sinna en ekki myndi saka að skapa aukna spennu með meiri breidd bæði í heildarnálgun við myndefni og í vinnubrögðum innan hverrar myndar. Litróf hennar er mjög varkárt en þar sem gulir og appelsínugulir litir gægjast inn sést að opnara litróf er



Eitt verka Sveinbjargar Hallgrímsdóttur í Gallerí Fold.

ekki slæmur kostur fyrir þessi verk. Sveinbjörg nær einnig að skapa áferðarfallega hrynjandi og hreyfingu í myndunum. Það dugar þó tæpast til að skapa sterka og persónulega sýningu, bæði vinnuaðferð, myndmál og myndefni eru of kunnugleg til þess. Aukin áhersla á teikninguna sjálfa og undursamleg og dásamlega flókin og fjölbreytt form náttúrunnar gæti að mínu mati skapað áhugaverðari og sjónrænt meira spennandi verk. Sveinbjörg býr augljóslega yfir hæfileikum sem óhætt er að virkja enn frekar og gera meiri kröfur til. En tréristan er þakklátur miðill í sjálfu sér og býr yfir hlýju og lífi sem myndir Sveinbjargar njóta góðs af. Stærð þeirra gæðir þær meiri krafti en annars, það er ánægjulegt að sjá verk unnin í þennan miðil og forvitnilegt að sjá frekara framhald á tréristunni hjá Sveinbjörgu.

Ragna Sigurðardóttir



Morgunblaðið/Golli

Um 140 krakkar koma fram á vortónleikum Skólahljómsveitar Kópavogs.

Blásið í lúðra

SKÓLAHLJÓMSVEIT Kópavogs heldur tónleika í Háskólabíói sunnudaginn 12. mars kl. 14.

Þetta eru umfangsmestu tónleikar hljómsveitarinnar á starfsárinu þar sem um 140 ungmenni koma fram og sýna afrakstur vinnu sinnar í vetur. Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning tónleikanna með vikulegum æfingum ásamt æfingabúðaferðum enda mikill metnaður í unga fólkinu að standa sig vel þegar á hólminn er komið. Ýmis skemmtileg tónverk verða á efnisskrá tónleikanna og allir geta þar fundið eitthvað við sitt hæfi. Flutt verður tónlist úr kvikmyndum á borð við Star Wars og Pirates Of The Caribbean, hefðbundin lúðrasveitatónlist eins og Pomp and Circumstance og English Folk Song Suite, innlend og erlend þjóðlög og klassískar perlur eins og Karníval dýranna.



Guðmunda Andrésdóttir: Glæður.

Náttúruafl íslenskra kvenna

SÝNINGIN Náttúruafl hefur verið opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar. Náttúra Íslands hefur verið viðfangsefni margra listamanna í íslenskri myndlist á 20. öld. Hún hefur verið uppspretta mismunandi tjáningarforms innan myndlistarinnar og hefur átt ríkan þátt í að skapa viss einkenni innan íslenskrar listasögu. Á sýningunni getur að líta marga ólíka tjáningarmiðla, málverk og skúlptúra, vefnað og grafíkmyndir eftir íslenskar konur, þær Ásgerði Búadóttur, Brynhildi Þorgeirsdóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Hafdísi Ólafs-

dóttur, Hildi Hákonardóttur, Júlíönu Sveinsdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Ragnheiði Jónsdóttur Ream, Sigríð Valtíngojer, Valgerði Hauksdóttur og Þorbjörgu Höskuldsdóttur. Verkin á sýningunni eru öll unnin á seinni hluta 20. aldar og er ætlunin með þessari sýningu að miðla náttúruhrifum og kröftum íslenskrar náttúru. Verkin eru í eigu Listasafns Íslands og sýningarstjóri er Harpa Þórsdóttir. Sýningin er í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum. Hún er opin alla daga frá 13 til 17.30 og stendur til 23. apríl.



Morgunblaðið/Árnir Sæberg

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er skipuð úrvalsnemendum og leikur undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

Ungfónían í Keflavík og í Neskirkju

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT unga fólksins heldur tónleika í Kirkju-lundi í Keflavík á morgun, sunnudaginn 12. mars, kl. 17 og í Neskirkju mánudagskvöld 13. mars kl. 20. Á efnisskránni eru Langnætti eftir Jón Nordal, hornkonsert nr. 1

í Es-dúr eftir Richard Strauss og sinfónía nr. 7 eftir Ludwig van Beethoven.

Einleikari með hljómsveitinni er Sturlaugur Jón Björnsson en hann hefur nýlokið meistaranámi í hornleik í Boston. Hljómsveitin leikur

undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er skipuð úrvals nemendum af höfuðborgarsvæðinu. Hún var stofnuð haustið 2004 og eru tónleikarnir nú fimmta verkefni hennar.